



## SAMRÆÐA UM FEGURÐ LOKAORÐ HÓPSINS

Textinn hér að neðan er unninn af nemendum heimspekivalsins á WIKI-heimasíðu hópsins. Þar tóku allir í hópnum þátt í að skrifa textann í þeim tilgangi að draga saman það sem komið hafði fram í samræðum þeirra um hugtakið fegurð. Uppistaða textans var samin í kennslustund 14. nóvember 2007.

### Lokaorð um fegurð

Það er engan veginn hægt að finna eitt svar um hvað sé fallett og hvað ekki. Við höfum rætt þetta fram og til baka og alltaf er einhver sem er ósammála meirihlutanum. Við tókum kónguló sem dæmi. Sumum fannst bakið á kóngulóum voðalega fallett en öðrum finnst bara ekkert fallett við þessi dýr. Það virðist skipta máli frá hvaða sjónarhóli fólk horfir á fyrirbærið og hvort það sér bara ákveðinn hluta eða alla heildina. Þannig gæti manneskju fundist mynstrið á bakinu á kónguló vera fallett ef búið væri að taka það út og stimpla á tösku eða bol. En sama mynstur getur hjá sömu manneskju engan veginn talist fallett ef það er á bakinu á kóngulónni, því heildarmyndin af dýrinu kemur í veg fyrir að fegurð mynstursins sjáist. Fegurð er svo smekks bundin að það er líklegt að það finnist aldrei neitt eða neinn sem allir eru sammála um að sé fallett.

Allir hafa sína skoðun á fegurð en enginn veit betur en einhver annar hvað er fallett. Ein skoðun getur ekkert verið betri en önnur. Þetta er einfaldlega bara smekksatriði. Sumir hópar hafa samt sömu sýn á hlutina (t.d. nasistar sem líta á Vestur-Evrópumanninn sem hinn æðri kynstofn og telja að hann ætti að vera aðalmanneskjan í heiminum). Það er vísindalega sannað (þótt við séum ekki nákvæmlega með heimildina fyrir þessu) að flestir menn frá Bandaríkjunum hugsa meira um smáatriði á mynd en flestir menn frá Kína sem hugsa meira um bakgrunninn á sömu mynd.

Það má líka líta svona á málið: Það er fegurð í öllu, allt hefur fegurð, en það er persónubundið að hversu miklu marki hver og einn telur hlut fallegan. Ef við ímyndum okkur fegurðarskala sem nær frá mínus 10 upp í plús tíu, þá er +10 það fallegasta sem þú hefur séð á meðan -10 er það ljótasta. En báðir hlutirnir, sá sem fær +10 og sá sem fær -10 hafa fegurð í sér, bara mismikla.

Allt er fallett, bara misfrítt.

Önnur skoðun er sú að við getum verið sammála því að það er hægt að finna einhverja fegurð í *flestum* hlutum og það er bara einstaklingsbundið. En við

## Heimspæki Fegurð

þurfum ekki að vera sammála því að það sé einhver fegurð í *öllu*. Til dæmis eru til glæpaklíkur víða um heiminn sem pynta fólk og nota óhugnanlegar aðferðir til að fremja illvirki á andstæðingum sínum. Þessar klíkur nota þessar aðferðir einmitt vegna þess að þeir vita að það er ekkert fallegt við þær og þær eru á allan hátt ógeðslegar og þess vegna eru þær notaðar gegn þeim sem eiga eitthvað skuldugt við klíkurnar. Svo er líka til fólk sem er með einhverja fíkn í að gera ógeðslega hluti en það þarf ekki að vera að þeim finnist þessir hlutir fallegir. Rétt eins og reykingamenn eru háðir sígarettum þó að þeim flestum finnist reykingar algjör óþverri og þeir eyði miklum tíma í að reyna að losna við þessa fíkn.